



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. ágúst 2026
MSS26060100

Umsögn um 2. lið tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um endurskoðun bílastæðamála í Reykjavík

Á fundi umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026 var lögð fram að svohljóðandi bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 16. júní 2026 um tillögu *borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins*, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026.

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem hafa það að markmiði að leysa úr fjölþættum áskorunum og vandamálum sem snúa að bílastæðamálum í Reykjavík. Leitast verði við að mæta þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið frá íbúum og atvinnurekendum í borginni. Með samþykktinni felur borgarstjórn umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem snúa meðal annars að eftirfarandi breytingum:

... 2. Einfalda fyrirkomulag rafrænna greiðslumáta vegna bílastæða í miðborg. ...

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. júní 2026.

Umsögn: Tekið er undir að mikilvægt er að einfalda fyrirkomulag rafrænna greiðslumáta vegna bílastæða í miðborg Reykjavíkur. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að Reykjavíkurborg fer ekki með reglusetningarvald á þessu sviði.

Fyrirkomulag greiðslumiðlunar fyrir bílastæði byggir á regluverki sem sett er af ríkinu, en ekki Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg tekur gjald fyrir bílastæði á borgarlandi á grunni umferðarlaga en einkaaðilar gera það fyrir bílastæði, sem þá eru innan lóðar viðkomandi, á einkaréttarlegum grunni. Til að veita notendum fjölbreyttar leiðir til greiðslu hefur borgin heimilað einkaaðilum, að uppfylltum skilyrðum, að bjóða upp á greiðslumiðlun fyrir bílastæði borgarinnar í gegnum smáforrit. Samningur er gerður við hvern þjónustuaðila. Gjaldskrá fyrir bílastæði borgarinnar ákvörðuð af borgarstjórn og er samræmd fyrir bílastæði borgarinnar.

Að mati umhverfis og skipulagssviðs ber því að beina umræðu um mögulegar breytingar á regluverki, eða frekari samræmingu greiðslulausna, að þeim stjórnvöldum sem fara með löggjafa-, reglusetningar- og framkvæmdavald á þessu sviði. Reykjavíkurborg hefur takmarkað svigrúm til að taka einhliða ákvarðanir um skipulag markaðarins umfram þær heimildir sem gildandi lög og reglur kveða á um.

Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs, einkum hjá Bílastæðasjóði, er meðvitað um að mörgum þyki fyrirkomulag gjaldskyldra bílastæða á höfuðborgarsvæðinu flókið. Það



Reykjavík



skýrist meðal annars af því að ekki er samræming á milli gjaldsvæða Reykjavíkurborgar og þeirra sem rekin eru af einkaaðilum, né heldur á milli einstakra einkaaðila hvað varðar greiðslulausnir og framkvæmd gjaldtöku. Af þeim sökum berast Reykjavíkurborg reglulega fyrirspurnir og erindi sem varða gjaldsvæði sem eru ekki í umsjón borgarinnar og leitast starfsfólk við að veita leiðbeiningar eftir bestu getu.

Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hafi ekki umboð til að samræma greiðslufyrirkomulag á öllu höfuðborgarsvæðinu vinnur Bílastæðasjóður markvisst að því að bæta þjónustu, upplýsingagjöf og greiðslulausnir á þeim gjaldsvæðum sem borgin ber ábyrgð á. Meðal þeirra verkefna sem nú eru í vinnslu eru:

1. Endurnýjun og uppfærsla gjaldmæla. Þrátt fyrir að notkun gjaldmæla hafi farið minnkandi á undanförunum árum er áfram mikilvægt að notendum standi til boða að greiða fyrir bílastæði með gjaldmæli. Þannig er tryggt að þeir sem kjósa að nota ekki smáforrit til greiðslu geti greitt fyrir bílastæði án þess að greiða þjónustugjöld. Reykjavíkurborg rekur um 105 gjaldmæla innan gjaldsvæða sinna og er stöðugt unnið að endurnýjun, uppfærslu og viðhaldi þeirra til að tryggja örugga og aðgengilega þjónustu.
2. Endurskoðun samninga við þjónustuaðila smáforrita. Unnið er að endurnýjun og samræmingu samninga við þjónustuaðila smáforrita sem bjóða greiðslu fyrir gjaldskyld bílastæði borgarinnar. Með nýjum samningum er samningstími lengdur úr tveimur árum í fjögur ár, sem stuðlar að auknum fyrirsjáanleika og stöðugleika fyrir bæði borgina og þjónustuaðila. Jafnframt fækkar smáforritum tímabundið úr fjórum í þrjú þar sem Verna hefur hætt starfsemi og verða Síminn Pay, EasyPark og Parka áfram með samning við borgina.

Einnig er verið að samræma það hlutfall af gjaldskyldu sem þjónustuaðilar mega halda eftir og hækkar það úr 0,75–1% í 2%. Markmið þeirrar breytinga að samningarnir endurspegli betur raunverulegan kostnað við kortafærslur og geri þjónustuaðilum kleift að halda þjónustugjöldum og öðrum gjöldum í lágmarki. Með þessu fær Reykjavíkurborg sömu nettótekjur óháð því hvort greitt er með gjaldmæli, á vef Bílastæðasjóðs eða í gegnum smáforrit. Jafnframt eru öll smáforritin sett í sömu samkeppnisstöðu sem skapa ætti forsendur fyrir aukinni samkeppni og getur stuðlað að því að þjónustugjöld til notenda haldist í lágmarki.

3. Bætt upplýsingagjöf. Bílastæðasjóður vinnur nú með þjónustu- og nýsköpunarsviði og vefteymi Reykjavíkurborgar að heildarendurskoðun á upplýsingavef Bílastæðasjóðs. Markmiðið er að einfalda upplýsingagjöf og gera hana aðgengilegri fyrir notendur. Þar er meðal annars lögð áhersla á skýrari upplýsingar um greiðsluleiðir, staðsetningu gjaldskyldra bílastæða, hvaða svæði heyra undir Reykjavíkurborg og hvar hægt er að nálgast upplýsingar um laus stæði, svo sem í bílahúsum borgarinnar.

Það sem Reykjavíkurborg getur gert til að einfalda fyrirkomulag rafrænna greiðslumáta fyrir bílastæði er því að halda áfram að leggja áherslu á að einfalda og samræma það sem borgin hefur yfir að ráða ásamt því að bæta upplýsingagjöf. Hluti af því er vinna sem þegar er farin af stað eins og farið var yfir hér að framan og snýr t.d. að því að auka sýnileika greiðslumöguleika í gegnum vef Bílastæðasjóðs, þróa farsímavænni veflausnir og gera greiðsluvefinn aðgengilegri og sýnilegri á vef Reykjavíkurborgar, en



á vef borgarinnar er hægt að greiða fyrir bílastæði án þess að greiða þjónustugjald líkt og smáforritin innheimta. Til viðbótar kemur til greina að kanna möguleika þess að Reykjavíkurborg bjóði í framtíðinni upp á eigið smáforrit (app) fyrir greiðslu og aðra þjónustu sem tengist gjaldskyldum bílastæðum.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Matthías Bernhöj Daðason
deildarstjóri bílastæðasjóðs



Reykjavík